



Endurskoðun samþykkt

Almenni lífeyrissjóðurinn

Ársfundur 2025

8. gr. samþykkt

- 8.1. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu hafa borist stjórn sjóðsins **einum mánuði fjórum vikum** fyrir ársfund/sjóðfélagafund og ber að geta þeirra í fundarboði
- 8.2. Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 102.364.000 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 489,3 stig í janúar 2021.
- 8.3. [Núverandi ákvæði – lagt til að fella brott]
~~Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf annað hvort að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum og bundið við tiltekinn fund.~~
- 8.3. [Tillaga að nýju ákvæði í stað þess sem felld er brott]
Stjórn er heimilt að ákveða að ársfundir eða sjóðfélagafundir séu haldnir rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Fundarboð skal greina frá slíkri framkvæmd og tilgreina eða vísa til nánari upplýsinga um framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu.
- 8.4. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. laga nr. 129/1997 og í samræmi við samþykktir þessar, ef slíkar breytingar leiða af óráðvikanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.
- 8.5. Stjórn sjóðsins skal innan mánaðar frá því að breytingar voru samþykktar af stjórn eða sjóðfélagafundi tilkynna ráðherra um þær í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997 og öðlast breytingar á samþykktum ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær.

Rökstuðningur

Lagt er til að breyta 8. gr. samþykktta sjóðsins með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi er lagt til að breyta orðalagi í samþykktum þannig að í stað þess að texti samþykktta mæli fyrir um einn mánuð í frest sem sjóðfélagar hafa til þess að koma breytingartillögu að í dagskrá ársfundar eða sjóðfélagafundar að kveðið verði á um fjórar vikur.

Í öðru lagi er lagt til að fella út sérstakt ákvæði sem veitir sjóðfélagi heimild til að gefa öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn á sjóðfélagafundum. Ástæða þess að lagt er til að fella ákvæðið úr samþykktum helgast af því að atkvæðagreiðslur kunna að verða rafrænar og reglur um veitingu umboðs haldast í hendur við framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu. Almennar reglur um veitingu umboðs gilda eftir sem áður og getur sjóðfélagi þannig veitt öðrum aðila heimild til að mæta fyrir sína hönd á sjóðfélagafundi.

Í þriðja lagi er lagt til að stjórn verði veitt heimild til að halda ársfundi eða sjóðfélagafundi rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Stjórn er þó bundin af því að tilgreina eða vísa til þeirra reglna sem um rafræna hluta fundarins gilda í fundarboði. Í greininni fælist til að mynda heimild stjórnar til að ákveða að sjóðfélagar geti sótt fundi rafrænt, kosið rafrænt um málefni sem borin eru upp á slíkum fundi og/eða ákveðið að sjóðfélögum væri heimilt að koma sjónarmiðum að með rafrænum hætti.

Í 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Almenni lífeyrissjóðurinn lítur til og hefur til hliðsjónar við mótun stjórnarháttta sjóðsins segir að ef ekki er kveðið á um annað í samþykktum getur stjórn félags ákveðið að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundi rafrænt, að hluta til eða fullu, þ.m.t. greiða atkvæði án þess að vera á staðnum. Sams konar ákvæði er í hlutafélagalögum. Almenni hefur lýst yfir að hann fylgi leiðbeiningunum í megindráttum með viðeigandi undantekningum. Færa mætti rök fyrir því að stjórn lífeyrissjóðsins hafi sambærilega heimild og því gæti stjórn óháð samþykktarbreytingu þessari lagt til rafrænar málefna kosningar á ársfundi. Tillagan er eigi að síður lögð fram, enda vísa leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Kauphallarinnar til hlutafélagalaga nr. 2/1995 þar sem greint er frá heimild til rafrænna funda að hluta til eða fullu. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og því þykir rétt að kveða á um heimildina í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins.

19. gr. samþykkt

- 19.1 Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.
1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en **110.000 kr. ~~84.700-kr.~~** hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í **janúar 2025, gildi 634,7. ~~janúar 2021, gildi 489,3.~~**
 2. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.
 3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- 19.2 Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fellur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sam-bærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins.
- 19.3 Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til samtryggingarsjóðsins sbr. töflu nr. 2 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða lífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs sbr. töflu 2 í 6. kafla. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja almanaksára áður en orkutapið átti sér stað. **Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagens óhagstætt vegna sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda.** [feitiletraði textinn kemur til viðbótar núverandi ákvæði, sjá einnig breytingu á ákvæðum 19.6 og gr. 19.8] Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 30 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 4.5.
- Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% til 100%. Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris skal margfalda með örorkuprósentunni, til að reikna út örorkulífeyri. **Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris skal margfalda með örorkuprósentunni til að reikna út örorkulífeyri.** [lagt til að bæta feitiletraða texta við, en taka út efnislega sambærilegan texta í ákvæði 19.8]
- 19.4 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði. Verði sjóðfélagi öryrki eftir 67 ára aldur er ekki greiddur örorkulífeyrir.
- 19.5 Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 50% (örorkuprósentu) og sjóðfélagi hafi orðið fyrir skerðingu launatekna sbr. grein 19.6.

- 19.6 Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi.

~~Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar lengra tímabil, sbr. ákvæði 19.3 og 19.8 þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.~~

Telji sjóðurinn þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna sjúkdóma, náms, barnseigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar lengra tímabil í samræmi við ákvæði 19.3 og 19.8.

[Lagt til að aðlaga texta í samræmi við breytingar í ákvæðum 19.3 og 19.8].

[Lagt til að fella texta út úr samþykktum, breyting kemur fram í gr. 19.3 og gr. 19.8]

- 19.7 Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftár ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir án eigin sakar sjóðfélaga.

Örorkumat samkvæmt 19.5 og 19.6 skal fyrstu þrjú árin miða við vanhæfni sjóðfélagsins til þess að gegna því starfi sem hann hefur gegnt. Að því tímabili loknu skal miða örorkumatið við vanhæfni sjóðfélagsins til almennra starfa.

- 19.8 ~~Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni.~~ [Lagt til að fella texta út og færa efnislega sambærilegt ákvæði undir gr. 19.3] Aldrei skal örorkulífeyrir **og barnalífeyrir skv. 20. gr. samþykkt** [Lagt til að bæta við feitletra texta] vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Við mat á því hvort tekjuskurðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, sbr. gr. 19.3 um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á launavísitölu. **Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsins óhagstætt vegna sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu.** [feitletraði texti kemur til viðbótar núverandi ákvæði, sjá einnig breytingu á gr. 19.3 og gr. 19.6]

Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

- 19.9 Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heilsufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.
- 19.10 **Örorkulífeyrisþegum er skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur.** [Lagt til að bæta við þessari grein]
- 19.11 Ákveðnum hluta örorkulífeyrisgreiðslna skal varið til innborgana í séreignarsjóð eða til kaupa á viðbótarellilífeyrisréttindum í samtryggingarsjóði kjósi sjóðfélaginn svo.
- 19.12 Örorkulífeyrir fellur niður þegar örorkan er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi, sbr. gr. 19.5 og gr. 19.8, eða við ellilífeyrisaldur sjóðfélagsans. Við ellilífeyrisaldur skal endurmeta áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélagsans þannig að við áunnin lífeyrisréttindi við áður úrskurðuð örorkulífeyrisréttindi bætast framreiknuð réttindi reiknuð hlutfallslega miðað við örorkumat, sbr. gr. 19.5, að teknu tilliti til tekna, sbr. gr. 19.8.

Rökstuðningur

Lagðar eru til þrjár breytingar:

Í fyrsta lagi breytingar á ákvæðum 19.3, 19.6 og 19.8 sem varða heimild til að lengja tímabil tekjuathugunar úr þremur árum í átta ár, eftir ákveðinni aðferðarfræði.

Tekjuathuganir eru framkvæmdar á grunni 1. mgr. 15. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997. Í tekjuathugunum er tekjuskurðing afvöldum orkutapsins metin með því að bera tekjur sem viðkomandi hafði fyrir orkutap, svokallaðar viðmiðunartekjur, við tekjur eftir orkutap, mismunurinn er svokallað lífeyrisþak örorkulífeyrisþega. Lífeyrisþak hefur bein áhrif á útgreiðslu örorkulífeyris því það skilgreinir hámarkslífeyri sem sjóðir geta greitt út, án þess að tekjur örorkulífeyrisþega verði hærri eftir orkutap en viðmiðunartekjur áranna fyrir orkutap.

Í samþykktum lífeyrissjóða eru ýmsir þættir skilgreindir er varða tekjuskurðun og byggja þau á grunni 7. mgr. 15. gr. laga 129/1997. Aðferðir lífeyrissjóðanna hafa að nokkru leyti verið mismunandi og ástæður þess eru ýmist vegna mismunandi ákvæða í samþykktum, aðgengi að gögnum, sérhæfingu tölvukerfa sem notuð eru og skilgreindum innanhúsferlum. Einn af þeim þáttum sem hafa verið mismunandi milli sjóðanna er hversu mörg ár eru notuð við ákvörðun viðmiðunartekna, margir sjóðir nota fjögur ár en aðrir þrjú ár. Undantekningar eru gerðar í samþykktum flestra sjóðanna ef einhver tiltekin atriði einkenna iðgjaldasögu á þeim þremur eða fjórum árum sem viðmiðunartekjur taka til, og árávalið því óhagstætt sjóðfélaga, þ.e. gefur lægri viðmiðunartekjur en hefðbundin atvinnusaga gefur tilefni til. Þar sem þetta undantekningarákvæði er orðað á mismunandi hátt hjá sjóðnum og tillit tekið til mismunandi þátta þá fá eru viðmiðunartekjur sjóðfélaga stundum mjög ólíkar á milli sjóðanna.

Vinnuhópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða lagði til samræmingu, sem hér er lögð til. Ekki voru talin efnisleg rök fyrir því að tekið væri tillit til mismunandi frávíkspátta hjá sjóðnum og telid sanngirnismál að tillit sé tekið til sömu þátta hjá sjóðnum. Tillagan var því sú að tekið væri tillit til fjögurra þátta sem allir geta haft neikvæð tímabundin áhrif á iðgjaldasögu sjóðfélaga; sjúkdómsforföll, nám, barneignir og/eða atvinnuleysi. Ef hið þriggja ára tímabil sem samþykktir kveða á um endurspeglar ekki venjubundnar greiðslur, m.t.t. ofangreindra fjögurra þátta, var því lagt til að heimilt

yrði að leggja til grundvallar iðgjaldagreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldagreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda.

Í framkvæmd munu starfsmenn Almenna, þegar hann er úrskurðasjóður, rýna hvort umsækjandi sé ekki með neinar tekjur eitt eða fleiri af þeim árum sem almennt eru lögð til grundvallar, eða hvort um er að ræða greiðslur frá atvinnuleysissjóði eða fæðingarorlofssjóði. Ef svo er, þá mun sjóðurinn skoða hvort undantekningarreglan gefi hærri viðmiðunartekjur og noti hana ef staðfesting fæst á að um hafi verið að ræða sjúkdómsforföll (læknisvottorð), nám (vottorð frá skóla), barneignir (iðgjaldasaga) og/eða atvinnuleysi (iðgjaldasaga).

Af þessum ástæðum eru lagðar til breytingar á gr. 19.3, 19.6. og 19.8. Þessi breyting hefur verið borin undir tryggingarfræðing sjóðsins, sem telur áhrif á tryggingafræðilega stöðu hverfandi.

Í öðru lagi er lögð til breyting á gr. 19.8 að örorkulífeyrir og barnalífeyrir skuli ekki nema hærri fjárhæð en sá tekjumissir sem sjóðfélaginn hefur sannarlega orðið fyrir þegar viðkomandi er úrskurðuð örorka. Réttur sjóðfélaga til örorkulífeyris og barnalífeyris tekur þannig mið af fjárhæð sem gerir hann jafnsettan og ef skerðing á aflahæfi hans hefði ekki orðið af völdum örorkunnar.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á ákvæði nr. 19.10. sem felur í sér ákvæði um um að örorkulífeyrisþegi sé skyldugur til að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum, t.d. vegna heilsufars eða atvinnutekna sem áhrif geta haft á rétt til örorkulífeyris.

5. gr. samþykkt

Tillaga um breytingar á stjórn sjóðsins

- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

~~Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvert kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.~~

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund. ~~og einn til vara.~~ Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagsins.

Niðurstaða stjórnarkjörs, ~~bæði aðalmanna og varamanna,~~ ræðst af skilyrðum ~~1., 2. og 3.~~ **1. og 2.** mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

~~Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.~~

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

5. gr. samþykkt

Sólarlagsákvæði um varamenn fær inn sem bráðabirgðaákvæði

- 5.12. Varamenn sem sitja í varastjórn sjóðsins við gildistöku samþykktar þessara skulu sitja út kjörtímabil sitt. Varamenn skulu boðaðir til setu í stjórn í fjarveru aðalmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja í stjórn sem aðalmenn. Ákvæði þetta fellur niður eftir ársfund sjóðsins árið 2028.

5. gr. samþykkt

Tillaga um að fella út upptalningu úr lögum

- 5.2. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ~~s.s. um búsetu, lögræði og fjárræði.~~

5. gr. samþykkt

Tillaga um að bæta við lýsingu á sérstöku hæfisskilyrði

- 5.11. Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, sbr. 9. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við ákvarðanatöku skulu stjórnarmenn fylgja almennum reglum og viðmiðum um sérstakt hæfi og víkja sæti þegar við á.

Rökstuðningur

Lagt er til að gera breytingar á stjórnarfyriřkomulagi sjóðsins. Lagt er til að stjórn lífeyrissjóðsins samanstandi eingöngu af sex aðalmönnum og að ekki verđi varamenn í stjórn lífeyrissjóðsins. Reynslan sýnir að með tilkomu fjarfunda eru varamenn kallađir sjaldnar inn fyrir aðalmenn. Samþykktir sjóðsins fjalla um ákvarðanir stjórnar „gr. 5.4 Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur.“ Varamenn eru því ekki nauðsynlegir vegna ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Tillagan er í samræmi við þróun stjórnarhátta hjá ýmsum öðrum félögum. Međ henni er stefnt að því að gera stjórnarhætti sjóðsins skýrari, einfaldari og stöđugri.

Til að tryggja eđlilega yfirfærslu er nauðsynlegt að setja inn bráðabirgđaákvæđi (sólarlagsákvæđi) í samþykktir. Það felur í sér að varamenn sem eru í hlutverki við gildistöku breytingarinnar sitji út kjörtímabil sitt og taki áfram sæti í stjórn í forföllum aðalmanna. Þannig er tryggt að stjórn sjóðsins geti áfram starfað með sama fyrirsjáanleika og áður á meðan breytingin gengur í gegn. Þegar kjörtímabil núverandi varamanna rennur sitt skeið verður fyrirkomulagið endanlega fært yfir í nýja skipan án varamanna. Þá er lagt til að upptalning hæfisskilyrða verđi felld brott í ákvæðinu þar sem hún er óþörf. Tilvísun í 31. gr. laga nr. 129/1997 er fullnægjandi og nægir til að tryggja skýrleika og rétta túlkun ákvæðisins.

Loks er lagt til að setja ákvæđi um sérstakt hæfi í samþykktir sjóðsins sem er efnislega samhljóða því sem finnst í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Međ inntöku ákvæðisins er stefnt að gagnsæi og að því að setja heildarumhverfi stjórnarmanna í samhengi í samþykktunum. Við ákvarðanatöku skulu stjórnarmenn fylgja almennum reglum og viðmiðum um sérstakt hæfi og víkja sæti þegar við á.

7. gr. samþykkt

Tillaga um breytingu á orðalagi boðunar ársfunda

- 7.2. Stjórnin skal boða ársfund með minnst 14 daga fyrirvara með **opinberri auglýsingu í að minnsta kosti einum miðli sem hefur viðtæka útbreiðslu á Íslandi** ~~í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur viðtæka útbreiðslu á Íslandi~~ og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slík boðun tryggileg. Í fundarboði skal geta dagskrár og tilgreina fyrirkomulag rafrænnar kosningar til stjórnar. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Rökstuðningur

Lagt er til að fella brott skyldu um að auglýsa ársfund í dagblaði, þar sem mögulegt er að ná meiri útbreiðslu með tilkynningu á öðrum miðlum sem hafa meiri útbreiðslu. Eftir breytingu hefur stjórn því rýmri heimildir til að ákveða með hvaða opinbera hætti boðun fundar er ákveðin. Þannig getur stjórn boðað til fundar með auglýsingu í fjölmiðli, samfélagsmiðli eða með öðrum stafrænum hætti að því gefnu að sú birting falli undir að vera opinber og tryggileg. Við það mat skal miða við að útbreiðsla boðunar sé sem mest. Til viðbótar skal stjórn eftir sem áður boða til fundarins á heimasíðu sjóðsins.

Vísitölubreytingar

Aðlögun á fjárhæðum vegna hækkunar vísitölu

- 4.5. Greiði sjóðfélagi af hærri árslaunum en **45 milljónum kr.** ~~30 milljónum kr.~~ til sjóðsins skal endurgreiða til séreignar sjóðfélagsins þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein. 19.3. og töflu 5. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok maí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverð til verðtryggingar í janúar **2025, 634,7.** ~~2014, 416,7.~~

- 8.2. Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við ~~102.364.000 kr.~~ **132.782.405 kr.** inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala **634,7 í janúar 2025.** ~~489,3 stig í janúar 2021.~~

- 12.7. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir ~~kr. 1.828.995~~ ~~kr. 1.410.100~~, en sú fjárhæð breytist **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025.** ~~489,3 í janúar 2021.~~ Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum 12.2., 12.3. og 12.5. í samþykktum þessum eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.

- 19.1. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.

1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en **110.000 kr.** ~~84.700 kr.~~ hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í **janúar 2025, gildi 634,7.** ~~janúar 2021, gildi 489,3.~~

2. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.

3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

- 20.5 Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki **49.034 kr.** ~~37.801 kr.~~ á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega eða hverju barni látins sjóðfélaga. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi verður greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni.

Fjárhæðir þessar skulu breytast **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025. 489,3 í janúar 2021.**

- 23.5 Ef lífeyrisréttindi ná ekki **13.230 krónum 10.200 krónum** á mánuði er stjórn sjóðsins heimilt að greiða réttindin sem eingreiðslu í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Upphæðin breytist **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025. 489,3 stig í janúar 2021.** Við eingreiðslu lífeyrisréttinda falla makalífeyrisréttindi niður.
- 25.3 Flutt réttindi skv. greinum 25.1 og 25.2 eru verðtryggð og breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala í júlí 1998 gildi 184,0. Sömu skilyrði og koma fram í greinum 18 til 21 gilda um flutt réttindi.

Rökstuðningur

Allar breytingarnar eru gerðar til að tryggja að orðalag samþykkt sé í samræmi við verklag sjóðsins. Breytingar í greinum 12.7, 20.5, og 23.5 gr. eru til þess að endurspegla rétt verklag, þannig að upphæðir breytast ekki árlega, heldur mánaðarlega með breytingum á vísitölu neysluverðs.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að uppfæra upphæðir og vísitölur í samþykktunum.